



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis við Austurvöll
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 6. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 (þingskjal 199 — 167. mál).

Náttúrustofa Vesturlands telur ekki vera haldbær rök fyrir afturköllun laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem taka eiga gildi 1. apríl 2014, marka tímamót í íslenskri náttúruvernd, enda var tímabært að sníða agnúa af fyrri lögum og uppfæra þennan mikilvæga lagabálk í átt að þeim alþjóðasamningum á sviði náttúruverndar sem Íslendingar hafa þegar fullgilt og ber að fylgja. Lagasetningin var afrakstur langrar, ítarlegrar og faglegrar rýnivinnu á íslensku og alþjóðlegu lagaumhverfi náttúruverndar, sem m.a. birtist í Hvítbók um náttúruvernd haustið 2011. Löggin eru samt sem áður málamiðlun milli sjónarmiða margra mismunandi aðila eftir að tekið hafði verið tillit til fjölda athugasemda sem bárust við Hvítbókina og frumvarpið í upprunalegri mynd.

Náttúruverndarlög hvers tíma eru í eðli sínu lög sem takmarka ýmsar athafnir manna. Við gerð og framkvæmd þeirra togast á ólíkir hagsmunir annars vegar náttúrunnar og þeirra sem hana vilja vernda, m.a. með hliðsjón af langtímahagsmunum mannsins, og hins vegar þeirra sem hafa hag af ýmiss konar nýtingu. Í sumum tilfellum geta þessir aðilar náð ásættanlegu samkomulagi fyrir báða hópana en í öðrum tilfellum ekki. Þá er mikilvægt að styðjast við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og varúðarreglu umhverfisréttar. Nýju náttúruverndarlöggin hafa þessa hugmyndafræði að leiðarljósi og með lagasetningunni hyllir undir innleiðingu mikilvægra meginreglna umhverfisréttar, þ.e. varúðarreglunnar og meginreglnanna um almenna aðgæsluskyldu, vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku, mat á heildarálagi og ábyrgð á kostnaði (líka nefnd mengunarbótaregla).

Lög nr. 60/2013 eru afrakstur umfangsmikils undirbúnings og víðtækara samráðs en áður hefur tíðkast við lagasetningu af þessu tagi og fela í sér stórt skref fram á við fyrir náttúruvernd á Íslandi. Til að mynda fela löggin almennt í sér frjálsari för almennings um landið, ákvæði um net verndarsvæða og miklar framfarir í málefnum framandi og ágengra lífvera, auk þess sem gerðar voru lagfæringar á kaflanum um skilgreiningar, svo eitthvað sé nefnt.

Samtök náttúrustofa, sem Náttúrustofa Vesturlands á aðild að, skiluðu ítarlegri umsögn um lög 60/2013 um náttúruvernd í september 2012. Undirritaður tekur heils hugar undir þá umsögn.

Undirritaður telur það samræmast hagsmunum Íslendinga til lengri tíma að fresta ekki gildistöku laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst, f.h.Náttúrustofu Vesturlands,

Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður